

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
 Ritstjórn Matthías Johannessen,
 Styrmir Gunnarsson.
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
 Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.
 Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10100.
 Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22480.
 Áskriftargjald 2000.00 kr. á mánuði innanlands.
 í lausasölu 100 kr. eintakið.

Breiðholts- hverfin

Á u.p.b. áratug hafa byggzt upp í Reykjavík Breiðholtshverfin, sem í dag eru fjölmennari en stærsti kaupstaður utan Reykjavíkur. Á þessum örstutta tíma hefur ungt fólk af dugnaði og harðfyllgi byggt upp borgarsamfélag, sem er fjölmennara heldur en kaupstaðir, sem verið hafa í uppbyggingu alla þessa öld og jafnvel lengur. Þetta er í sjálfu sér mikið afrek og fyrst og fremst afrek íbúanna sjálfra. Það er rétt, sem Magnús L. Sveinsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir í viðtali við Morgunblaðið í gær, að „Breiðholtshverfin hafa byggzt upp af undraverðum hraða og er það ekki sízt að þakka dugnaði þeirra, sem þar búa“.

Þótt margt hafi verið gert í Breiðholti er líka mikið ógert. Magnús L. Sveinsson borgarfulltrúi segir í samtalinu við Morgunblaðið í gær, að brýnustu verkefni nú séu uppbygging skólahúsnæðis, dagvistunarstofnana, heilsugæzlustöðvar í Mjóddinni, menningarmiðstöðvar, er hýsa skal bókasafn og uppbygging íþróttasvæða og bættar samgöngur við hverfin, m.a. með byggingu brúar yfir Elliðaárdal. En borgarfulltrúinn segir jafnframt, að þótt brýnt sé að koma til móts við fólk með byggingu þjónustustofnana geri verðbólgan erfitt um vik um framkvæmdahraða, eins og þeir viti sjálfir, sem standa í byggingum, en Magnús L. Sveinsson undirstrikar, að borgarstjórn geri það sem hún mögulega geti til að flýta fyrir um hvaðeina, er verða má til bættrar þjónustu við íbúa Breiðholtshverfa.

Svo dæmi sé tekið um eina tegund þjónustumiðstöðva í Breiðholtshverfum, þá eru þar nú tvö dagheimili með rými fyrir 117 börn. Þar eru einnig fjórir leikskólar með rými fyrir 394 börn. Á þessu ári verður tekið í notkun nýtt dagheimili við Suðurhóla og þar verða 4 deildir, en ein af þeim verður nýtt sem skóladagheimili fyrir börn á aldrinum 6–10 ára. Alls verður í þessu nýja dagheimili rými fyrir um 70 börn. Um næstu áramót verður tilbúið skóladagheimili fyrir 20 börn og á þessu ári verða hafnar framkvæmdir við tvær dagvistunarstofnanir, við Íðufell og Arnarbakka, sem verða eins konar sambland af dagheimili og leikskóla, en þar verður rými fyrir 97 börn á hvorum stað. Í kjölfarið á þessum byggingarframkvæmdum hefur félagsmálaráð Reykjavíkurboragar ákveðið, að byggðar verði tvær dagvistunarstofnanir í Seljahverfi.

Magnús L. Sveinsson segir í fyrrnefndu viðtali við Morgunblaðið, að nú sé unnið að skipulagi íþróttasvæðis í syðri Mjóddinni, þar sem vera á stórt og mikið íþróttasvæði og þar er gert ráð fyrir, að ÍR njóti aðstöðu og hafi félagið verið haft með í ráðum varðandi skipulagningu. Annað íþróttafélag, Leiknir, hefur haft nokkra aðstöðu á íþróttavellinum á skólasvæði í Breiðholti III.

Hér hafa aðeins verið nefnd örfá dæmi um þjónustumiðstöðvar og áform um byggingu þeirra í Breiðholtshverfum. Að nokkrum árum liðnum verða þessi hverfi orðin gróin og vel búin allri nauðsynlegri þjónustuaðstöðu fyrir íbúana eins og þau hverfi, sem byggzt hafa upp á undan þeim og þá hefur vaxtarbroddur höfuðborgarinnar færzt austur fyrir Elliðaár. En Breiðholtshverfin, verða jafnan til marks um þann dugnað og framkvæmdavilja, sem einkennir ungt fólk, sem lagt hefur á sig mikla vinnu og annars konar erfiði til þess að eignast þak yfir höfuðið.

Það hefur alla tíð verið höfuðbaráttumál sjálfstæðismanna að gera fólk kleift að eignast eigið húsnæði. Skipulagning og uppbygging Breiðholtshverfa er til marks um það, þau hafa ekki sízt verið skipulögð með það í huga að gera ungu fólk kleift að komast yfir húsnæði á tiltölulega hagkvæmu verði. Það er eftirtektarvert, að andstæðingar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn hafa gagnrúnt meirihluta borgarstjórnar harðlega fyrir það að hafa lagt meiri áherzlu á þennan þátt í uppbyggingu borgarinnar en þann, sem snýr að efnameiru fólk, sem leitað hefur eftir einbýlishúsalóðum við sjávarsíðuna í nágrenni Reykjavíkur. Sjálfstæðismenn þurfa ekki að kippa sér upp við þá gagnrýni. Breiðholtshverfin eru lifandi tákni um áttmæti þeirrar stefnu, sem að þessu leyti hefur verið mörkuð uppbyggingu Reykjavíkur. Einn af talsmönnum Alþýðubandagsins hefur raunar spurt til hvers þetta fólk þurfi að eiga eigið húsnæði. Þeirri spurningu svara borgarþáttgjafar sjálfir.

Magnús L. Sveinsson:

Björgvin Guðmundsson sagði ósatt í sjónvarpi

Í hringborðsumræðum í sjónvarpinu sl. miðvikudagskvöld, sem voru í framhaldi af beinni útsendingu af umræðum um borgarmálefni sem ég tók þátt í lýsti Björgvin Guðmundsson því yfir, að ég hefði farið með föslun í minni ræðu, þar sem ég hafði lýst því yfir að Björgvin Guðmundsson „hefði flutt tillögu um það í borgarstjórn að það yrði reist nýtt frystihús í Reykjavík á þessu ári.“

Það er mjög alvarlegt að falsu ummæli manna og vil ég ekki liggja undir slíkum áburði. En það er einnig mjög alvarlegt að bera slíkt ranglega upp á menn, en það gerði Björgvin Guðmundsson sig sekan um í sjónvarpsþættinum.

Í fyrsta lagi minnstist ég ekki einu orði á „tillöguflutning“ Björgvins Guðmundssonar í borgarstjórn, heldur málflutning hans þar.

Í ræðu minni í sjónvarpinu sagði ég orðrétt:

„Alþýðuflokksmaðurinn Björgvin Guðmundsson sagði í borgarstjórn, að borgin yrði nú þegar að kaupa eins og: tvo nýja togara, byggja nýtt frystihús, iðnaðarhúsnæði, skipasmíðastöð og kaupa stóra skipalyftu.“

Allt skyldi þetta gert á þessu ári.“

Hér er ég að lýsa málflutningi, ekki tillögu B.G. í borgarstjórn þann 27. apríl sl., þegar borgarstjórn samþykkti stefnuskrá á atvinnumálum.


Allar ræður í borgarstjórn eru teknar upp á segulband og síðan vélritaðar, og nú er rétt að gefa B.G. sjálfum orðið.

Hann sagði að borgarstjórn gæti ekki vel við unað fyrr en Bæjarútgerðin hefði fengið nýtt frystihús. Í framhaldi af því segir hann orðrétt:

„Þetta þarf að mínu áliti að gerast annað hvort með því að kaupa frystihús af einkaaðila í Reykjavík, eða með því að byggja nýtt hús.“

Annars staðar í ræðunni segir B.G. orðrétt:

„Við þurfum ekki á því að halda að samþykkja fallegar stefnuskrár hér. Við þurfum á því að halda að samþykkja



aðgerðir í atvinnumálum, ef það á að snúa þróun í atvinnumálum við. Og ég kem að því á eftir, að mínar tillögur voru fyrst og fremst um aðgerðir á yfirstandandi ári, en ekki um fallega framtíð og nútíð, sem ekki myndu leysa neinn vanda á yfirstandandi ári. Þar skilur á milli tillagna minna og tillagna borgarstjóra.“

Ennfremur:

„Það er mín skoðun. Og ég vil ítreka það, enn og aftur, að þessar tillögur mínar þær fjölluðu allar um aðgerðir á yfirstandandi ári.“

B.G. dregur hér ekki úr áherzlunni í málflutningi sínum. Hér leggur hann einmitt sérstaka áherzlu á, að tillögur hans fjalli allar um aðgerðir á yfirstandandi ári. Það er nú eitthvað annað en að málflutningur B.G. gangi út á það, að slá málunum á frest, það eru aðrir sem vilja það.

Ég bið lesendur að bera framanrituð ummæli B.G. sérstaklega saman við ummæli mín.

Og síðar í ræðunni segir B.G. orðrétt: „ég þykist hafa gert glögga grein fyrir því, að — hver er höfuðmunurinn á mínum tillögum og tillögum borgarstjóra, að mínar tillögur þær fjalla um aðgerðir á þessu ári, en þessi framtíðarmúsík hjá borgarstjóra, sem ég veit ekki

einu sinni hvort hann meinar nokkurn hlut með.“

Þessi eigin orð B.G. í borgarstjórn sýna glögg, að ég fór með rétt mál í áður nefndum sjónvarpsþætti og ýkti síst þegar ég sagði hvað hann hefði sagt.

Eg ber hins vegar ekki ábyrgð á því að málflutningur hans í borgarstjórn var ekki í takt við orðalag á tillögu hans. En úr því að svo var og B.G. vill að fólk taki frekar mark á orðalagi tillögunnar en ræðum hans, hefði hann átt að biðja menn um að taka málflutning sinn ekki alvarlega.

Vegna þeirrar áherzlu, sem B.G. leggur nú á, að tillaga hans hafi aðeins gert ráð fyrir að hefja undirbúning að kaupum eða byggingu nýs fullkomins frystihúss fyrir B.U.R., er fróðlegt fyrir fólk að vita hvaða álit B.G. hefur á slíkum tillöguflutningi, samkvæmt hans eigin orðum í sömu ræðu, þar sem hann segir orðrétt:

„Eins og ég var að segja, þá er ekki í þessum tillögum borgarstjóra neitt um aðgerðir til dæmis á sviði skipasmíðastöðvar — á því sviði að koma upp skipasmíðastöðu eða skipaviðgerðaraðstöðu á þessu ári. Það er aðeins það — aðeins talað um það að ljúka undirbúningi, ljúka hagkvæmnissathugun, svo unnt sé að taka ákvörðun í lok ársins — í lok ársins á að taka ákvörðun um að koma upp einhverri aðstöðu, sennilega á næsta ári eða þar næsta ári. Þannig er staðið að málunum hér undir forystu Sjálfstæðisflokksins. En það þarf ekki að rifja það upp einu sinni enn hvernig þeir hafa staðið við málunum á Akureyri, þar hafa þeir látið hendur standa framúr ermum og framkvæmt hlutina en ekki verið að bulla einhverja framtíðarmúsík, sem aldrei hefur komist í framkvæmd.“

Það er auðsæð af þessum orðum B.G. að það er ekki sama hver flytur tillögu um að hefja undirbúninginn, eða dettur nokkrum í hug, að Björgvin Guðmundsson hafi með tillögu sinni „verið að bulla einhverja framtíðarmúsík“?



Erro hófst handa í gær við að taka upp myndir sínar á Kjarvalsstöðum, en alls verða á milli 130 og 150 myndir á yfirlitssýningu hans, sem hefst á Kjarvalsstöðum þann 3. júní n.k. Þessar tvær myndir voru teknar í gær skömmu eftir að Erro byrjaði að taka myndirnar úr kóssunum, sem þær komu í til landsins. Á annarri myndinni er Erro með þeim Hringi Jóhannessyni listmálara og Aðalsteini Ingólfssyni, en á hinn myndinni gengur listamaðurinn hugsandi um gólf. Ljós. Mbl.: Ó.I.K.M.